

Sp.

606. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir 1948 og við brtt. á þskj. 182.

- I. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni*.
Við 13. gr. C. VIII. 19. (Vestmannaeyjar).
Fyrir „250 000“ kemur 300 000
- II. Frá *Einari Olgeirssyni*.
Við brtt. 582. XI. (Við 15. gr. A. XIX. Nýr liður).
Brtt. orðist svo:
Til þess að undirbúa minnismerki um Jón biskup Arason og syni hans, er reist verði í Skálholti fyrir árið 1950, og sé látin fara fram samkeppni um hugmyndina milli íslenskra myndhöggvara, en dómnefnd, skipuð af menntamálaráðherra, dæmi um, hver tekin sé .. 15 000
- III. Frá *landbúnaðarráðherra*.
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að kaupa jarðirnar Gesthús og Bakkakot á Álftanesi til handa jarðkaupasjóði, ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála, enda greiði sjóðurinn andvirði jarðanna.